



170. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 28. janúar 2010 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Friðrik Einarsson, Helgi Sigurðsson, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður.

**Forföll: Lárus Blöndal varaforseti og Helga H. Magnúsdóttir
Þetta gerðist:**

1. Verkefni ÍSÍ og Vinnumálastofnunar

Hannes Sigurbjörn Jónsson verkefnastjóri kom inn á fundinn og skýrði frá samstarfsverkefni ÍSÍ og Vinnumálastofnunar sem er nýhafið. Hannes mun sjá um að finna viðeigandi verkefni innan íþróttahreyfingarinnar fyrir atvinnulaust fólk á aldrinum 15-25 ára, af skrá Vinnumálastofnunar. Hannes hefur þegar hafið samstarf við fjölmargar einingar innan hreyfingarinnar í tengslum við verkefnið.

2. Ólympíuhópur ÍSÍ 2010

Vetrarólympíuleikarnir verða settir 12. febrúar nk.
Lögð fram tillaga að Ólympíuhópi Íslands á leikunum:

Andri Stefánsson, aðalfararstjóri
Guðmundur Jakobsson, aðstoðarfararstjóri
Árni Þorvaldsson, keppandi í alpagreinum
Björgvin Björgvinsson, keppandi í alpagreinum
Íris Guðmundsdóttir, keppandi í alpagreinum
Stefán Jón Sigurgeirsson, keppandi í alpagreinum
Mundína Ásdís Kristinsdóttir, sjúkráþjálfari
Pavel Cebulj, þjálfari
Primoz Skerbinek, þjálfari

Ólafur E. Rafnsson, forseti ÍSÍ
Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ

Tillagan samþykkt.

3. Fjárhagsáætlun 2010-2012

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði tillögur Fjármálaráðs ÍSÍ að fjárhagsáætlun ÍSÍ fyrir tímabilið 2010-2012. Mikil skerðing hefur orðið á fjárframlagi ríkisins til reksturs ÍSÍ svo ljóst er að aðhald þarf í rekstri svo endar nái saman.
Tillagan samþykkt.

Gunnar fór einnig yfir skiptingu útbreiðslustyrks til sérsambanda ÍSÍ fyrir árið 2010 og skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda 2010.

Forseti og framkvæmdastjórn þökkðu Gunnari fyrir þá miklu vinnu sem hann hefur lagt í ofangreind mál.

4. Ólympísk verkefni

Friðrik Einarsson, formaður Afrekssviðs fór yfir stöðu mála varðandi ólympísk verkefni.

5. Heimasíða ÍSÍ

Forseti skýrði frá töfum sem hafa orðið á opnun nýrrar heimasíðu ÍSÍ.

6. Séríþróttagreinanefndir ÍSÍ

Skipan Akstursíþróttanefndar ÍSÍ

Þrír meðlimir í stjórn Akstursíþróttanefndar ÍSÍ hafa óskað eftir því að láta af störfum. Lögð fram tillaga um nýja aðila í þeirra stað. Samþykkt að skipan Akstursíþróttanefndar ÍSÍ sé svohljóðandi:

Lárus Blöndal formaður

Ólafur Guðmundsson

Tryggvi M. Þórðarson

Garðar Gunnarsson

Ragnar Róbertsson

Páll Pálsson

Davíð Ólafsson

Björgvin Ólafsson - varamaður

Kraftlyftinganefnd ÍSÍ – stofnun sérsambands

Laganefnd hefur ekki lokið við að fara yfir drög að lögum nýs sambands um kraftlyftingar. Samþykkt að fresta frekari umræðum um stofnun Kraftlyftingasambands Íslands til næsta fundar framkvæmdastjórnar.

Hnefaleikanefnd ÍSÍ

Forseti skýrði frá fundi sem hann átti í vikunni með forsvarsmönnum Hnefaleikanefndarinnar. Um tvö þúsund manns iðka nú hnefaleikaíþróttina en eins og staðan er þá uppfyllir íþróttin ekki það skilyrði fyrir stofnun sérsambands að eiga iðkendur í 5 héraðssamböndum/íþróttabandalögum.

Drög að skilyrðum/vinnureglum varðandi íþróttanefnda ÍSÍ

Lögð fram drög að skilyrðum/vinnureglum varðandi íþróttanefndir ÍSÍ.

7. Heiðranir

Samþykkt að sæma *Kristján Erlendsson* fráfarandi formanni FSÍ Gullmerki ÍSÍ.

8. Fyrirmyndarfélög ÍSÍ

Engar tillögur lágu fyrir um Fyrirmyndarfélög/Fyrirmyndardeildir að þessu sinni.

9. Ársþing sambandsaðila

Farið yfir mönnun á þau ársþing sem framundan eru. Samþykkt að skrifstofa óskaði eftir tilnefningum frá sambandsaðilum um heiðranir í tengslum við þingin.

10. Úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ

Örn Andrésson fylgdi eftir tillögu Afrekssjóðs ÍSÍ um úthlutanir úr Afrekssjóði ÍSÍ og Styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna. Umsóknir í Afrekssjóð bárust frá 18 sérsamböndum og einni íþróttanefnd ÍSÍ, vegna 29 einstaklinga og 21 landsliðsverkefna og annarra verkefna. Heildarkostnaður skv. áætlunum er rúmlega 297 m.kr.

Umsóknir í Styrktarsjóð ungra og efnilegra barst frá 19 sérsamböndum. Kostnaður allra umsókna nemur rúmlega 144 m.kr.

Tillaga Afrekssjóðs samþykkt (sjá fundargerð Afrekssjóðs frá 22. janúar 2010).

11. Úthlutun Ólympíufjölskyldu ÍSÍ

Örn Andrésson fylgdi úr hlaði tillögu að úthlutun úr Ólympíufjölskyldu ÍSÍ.
Tillagan samþykkt.

12. Ferðasjóður íþróttafélaga – úthlutun fyrir árið 2009

Helga Steinunn Guðmundsdóttir lagði fram tillögu að úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ársins 2009. Forsendur til útreikninga eru þær sömu og í fyrra utan þess að kílómetragjald var hækkað um þrjár krónur.
Tillagan samþykkt.

13. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- *169. fundur framkvæmdastjórnar*
- *Framkvæmdaráð frá 17. desember 2009 og 7. janúar 2010*
- *Afrekssvið frá 18. janúar 2010 og 27. janúar 2010*
- *Afrekssjóður frá 28. desember 2009, 4. janúar og 22. janúar 2010*
- *Fjármálaráð frá 12. janúar, 19. janúar og 27. janúar 2010*
- *Verkefnasjóður frá 18. desember 2009*
- *Lyfjaeftirlitsnefndar frá 19. janúar 2010*
- *Íslensk getsþá 555., 556. og 557. fundur*
- *Íslenskar getraunir 9. fundur 2009 og 1. fundur 2010*
- *Laganefnd frá 25. janúar 2010*
- *Heiðursráðs ÍSÍ frá 18. janúar 2010*

14. Viðburðir framundan

Farið yfir lista yfir þá viðburði sem framundan eru.

15. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 4. mars 2010 og 8. apríl 2010

16. Önnur mál

Kynningarmál

Forseti skýrði hugmyndir sínar varðandi kynningar- og ímyndarmál og lagði fram tillögu að vinnuhópi um þau mál.

Samþykkt að skipa eftirtalda í vinnuhópinn:

Gunnar Bragason formaður

Ingvar Sverrisson

Viðar Garðarsson

Úlfur Hróbjartsson

Hjördís Guðmundsdóttir

Bréf Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Forseti kynnti erindi frá ÍBH varðandi fjárhagslega stöðu aðildarfélags þess.
Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

Samþykkt að hvetja nefnd ÍSÍ um áhrif efnahagsmála á íþróttahreyfinguna til þess að taka fjárhagsstöðu íþróttafélaga, úrræði og afleiðingar, til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir fundarritari